

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 Hella

Garðabær, 23. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0022
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir Foss í Rangárþingi ytra, kynning á tillögu

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi ytra í gegnum skipulagsgátt, dags. 13. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir jörðina Foss við Eystri-Rangá.

Jörðin Foss (L164479) er í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF8). Samkvæmt aðalskipulaginu skal m.a. unnið eftir þeim markmiðum að leita eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru, efla þjónustu við ferðamenn allt árið og fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu. Nýtt deiliskipulag nær til 1,2 ha spildu (landnr. 236028), þ.e. gamla bæjarstæðisins og íbúðarhússins, sem hefur verið viðhaldið og nýtt til ferðaþjónustu. Nýtt skipulag tekur til viðhalds núverandi mannvirkja og byggingar nýrra gestahúsa til útleigu, auk þess sem afmörkuð verður sérstök lóð fyrir ný mannvirki og frekari uppbyggingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna en um er að ræða svæði sem ekki er innan verndarsvæða en skv. jarðfræðikorti ISOR er það á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Verndargildi hraunsins er hins vegar lítið á svæðinu þar sem það er hulið jarðvegi en stutt er í hraunjaðar yngra hrauns. Samkvæmt vistgerðakorti flokkast svæðið að mestu sem lynghraunavist sem hefur miðlungsverndargildi og svæðinu hefur þegar verið raskað með mannvirkjum. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

